

Fundur í atvinnu- ferðamála og menningarnefnd 1. september 2011

Mættir eru: Karen, Gréta, Hrafngerður og Stefán.

1. Rætt um skilti sem nýlega var sett upp á tjaldsvæðinu, fundarmenn benda á að dreifa megi þessu efni víðar, láta t.d. prenta stærra skilti og skrúfa utan á búðina og jafnvel hjá hinum skiltunum við bæjarmörkin.
2. Gréta sagði frá vinnu við söguslóð um Þórshöfn, vinnan er komin vel á veg. Verið er að safna myndum og búið fá einhver tilboð í skilti.
3. Nefndin ræddi þá hugmynd að sett yrði upp vatnsrennibraut við sundlaugina sem myndi virka sem gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Það er vitað að afþreyingu vantar fyrir fjölskyldufólk og telur nefndin að þessi framkvæmd myndi spila stórt hlutverk í því.
4. Nefndin leggur til að áframhald verði á rithöfundarkvöldi í desember sem hefur verið undanfarin ár. Lagt er til að fjölga rithöfundum, gera meira úr kvöldinu og auglýsa vel.
5. Nefndin hvetur til þess að jólamarkaður verði haldinn aftur líkt og í fyrra, markaðurinn er ekki á vegum sveitarfélagsins heldur fór af stað sem einkaframtak en sveitarfélagið styrkti framtakið með afnotum af íþróttahúsinu.

Fleira ekki gert.